



849. fundur stjórnar GSÍ, 8. maí 2014, kl.17:00 á skrifstofu GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Rósa Jónsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Gylfi Kristinsson, Kristín Guðmundsdóttir, Theódór Kristjánsson og Bergþóra Sigmundsdóttir sem skráði fundargerðina.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Samráðsfundir GSÍ

Haukur Örn gerði grein fyrir þeim samráðsfundum sem hafa verið haldnir frá síðasta stjórnarfundum. Fundað var með GR í Grafarholtinu 23. apríl 2014, GK á Hvaleyrinni 28. apríl 2014 og GKG á Vífilsstaðavellinum 29. apríl 2014. Fundirnir voru vel sóttir af stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum klúbbanna. Einnig sátu fundina margir stjórnarmenn GSÍ. Fram kom að mikilvægt væri að hitta stjórnarmenn og framkvæmdastjóra klúbbanna og hlusta á hugmyndir þeirra og ræða við þá um málefni golfíþróttarinnar. Almenn ánægja var með fundina. Á fundunum voru rædd ýmis atriði og kom í ljós að áherslurnar voru mismunandi hjá klúbbunum.

Ræddar voru m.a. hugmyndir um fundarefni formannafundar í haust, m.a. um fyrirtækjagolfklúbba, mót GSÍ og hvort ekki eigi að setja staðlaðar reglur um gæði golfvalla til mótahalds.

Að örðu leyti er vísað til fundargerða frá fundunum.

Eftir er að funda með nokkrum golfklúbbum og verður það gert á næstunni.

3. Starfsreglur um heiðursveitingar

Samþykktar voru starfsreglur um heiðursveitingar á vegum stjórnar GSÍ sem birtar verða á vef GSÍ.



4. Skipun starfsnefnda

Forseti lagði til að nefndirnar yrðu skipaðar fleirum en stjórnarmönnum GSÍ og var það samþykkt. Formenn nefnda munu koma með tillögur að fleiri einstaklingum í nefndir GSÍ. Ákveðið var að eftirtaldir aðilar sætu í nefndunum:

Fræðslu- og kynningarnefnd: Eggert, Rósa og Haukur Örn.

Útgáfunefnd: Bergsteinn, Kristín og Jón.

Mótanefnd: Gylfi og Jón.

Fjárhagsnefnd: Kristín og Eggert.

Áfreksnefnd: Theódór, Bergþóra, Úlfar, Arnar og Ingi Rúnar.

Laganefnd: Bergþóra og Gunnar.

5. Golf á Íslandi

Blaðið er rétt ókomið út. Meginefni blaðsins verður konur í golfi.

6. Mótaraðirnar 2014

Forseti upplýsti að blaðamannafundur yrði haldinn 22. maí nk. til að kynna mótaraðirnar í karla- og kvennaflokki, unglíngamótaröðina og áskorendamótaröðina.

7. Gjaldskrá í mót á vegum GSÍ

Forseti lagði fram tillögur að gjaldskrá og var hún samþykkt. Gjaldskráin er eftirfarandi:

54 holu mót kr. 6.500

Íslandsmótið í höggleik kr.15.000

Íslandsmótið í holukeppni kr. 8.000

Íslandsmót 35 og eldri kr.15.000

Íslandsmót eldri kylfinga kr.10.000

Stigamót unglínginga kr.4.000

Íslandsmót unglínginga kr.6.000

Áskorendamótaröðin kr.2.500

Áskorendamótaröðin 2 dagar, kr. 4.000

Sveitakeppnir GSÍ

8 mannasveitir kr.70.000

6 manna sveitir kr.60.000

Sveitakeppnir unglínginga



6 mannasveitir kr.50.000
Sveitakeppnir eldri kylfinga
9 mannasveitir kr.70.000
6 manna sveitir kr.60.000

8. Samstarfssamningar og RÚV

Forseti gerði grein fyrir hugmyndum um útsendingar frá Eimskipsmótaröðinni í sumar og umfjöllun um golf í sjónvarpi. Umfjölluninn hefst hjá RÚV eftir HM.

Eftir er að ganga frá samningi vegna tveggja móta í mótaröðinni.

9. Tillögur í afreksmálum

Vísað er til fyrri fundargerðar um afreksmál. Stjórn GSÍ ákvað að taka málið fyrir á ný. Með hliðsjón af afreksstefnu GSÍ og þeirri umræðu sem fram fór í afreksnefnd á golfþingi var ákveðið að samþykkja breytingar á skipan mála er varða skipun landsliðs með þeim hætti sem samþykkt var í afreksnefnd GSÍ.

10. Önnur mál

Golfdagar í Kringlunni

Forseti kynnt golfdaga í Kringlunni 8. – 11. maí. nk. Mun fleiri golfklúbbar munu taka þátt í golfdögum nú en í fyrra. Það er mat stjórnar GSÍ að mikilvægt sé að sinna kynningarstarfi um golf og hvetur golfklúbba landsins til að taka þátt í golfdögum.

Einherjaklúbburinn

Rætt var um Einherjaklúbbinn og viðurkenningar þær sem hann veitir.

Fjárhagsnefnd

Gjaldkeri upplýsti að farið yrði yfir fjárhagsáætlunina í næstu viku.

Stóra stjórnarmótið

Stjórnarmótið verður 6. júní nk.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:00.